

EFTIRLITSSKÝRSLA



Colas Ísland hf. Ammann 1 Færanleg malbikunarstöð

Dags eftirlits	20.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Ammann 1	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	færanleg

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin eldri frávik voru opin þegar komið var í eftirlit. Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Útblástursmælingar fyrir árið 2022 voru ekki framkvæmdar. Mælingar í útblæstri voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021.

Tvær ábendingar voru gerðar. Bent er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja. Einnig er bent á að nota skal lekabyttur undir fljótandi efnavörur.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Colas Ísland hf., Ammann1 sem er malbikunarstöð með breytilega staðsetningu og er núna staðsett við Hjallaleiru á Reyðarfirði. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 10. desember 2020 og gildir til 10. desember 2036.

Lóðin er deiliskipulögð í deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Nes 1. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðarbyggðar 26. júlí 2011 og breyting á aðkomu frá 11. maí 2023.

Viðstödd eftirlitið voru Björk Úlfarsdóttir frá rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfis (pokasía) í útblæstri
2. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
3. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, gjaldskrá Umhverfisstofnunar og boðun eftirlits hjá stofnuninni
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2023
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
6. Skoðun

1. Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum færanlegu malbikunarstöðvarinnar Ammann 1 sem staðsett er á leigulöð við Hjallaleiru 25 á Reyðarfirði.

Mælingar í útblæstri voru síðast gerðar árið 2021. Niðurstöður sýndu að rykmagn og kolmónoxíð voru yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi. Rekstraraðili sendi tölvupóst þann 2. maí 2022 um að skipt hafi verið um brennara og poka í hreinsivirki en engar nýjar mælingar hafa borist. Mæla skal árlega vegna losunarmarka í grein 3.5 og þar sem ekki tókst að mæla á síðasta ári þá er hér frávik frá kröfum í starfsleyfi. Áætlað er að mæla í skorsteini núna á haustmánuðum.

Tveir olíugeymar eru í stöðinni, geymir fyrir bik og annar geymir með afgreiðslubýssu fyrir litaða díselolíu. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja. Engar niðurgrafnar olíulagnir eru í stöðinni.

Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001) fyrir starfsemi sína.

2. Kröfur sem gerðar eru til starfseminnar:

Áætlanir: Í starfsleyfinu er gerð krafa um að fjórar skriflegar áætlanir.

a. *Áætlun um ráðstafanir sem gera þarf fyrir flutning stöðvarinnar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og varðandi annan frágang*

b. *Viðbragðsáætlun fyrir þann stað sem færanleg stöð er hverju sinni*

c. *Áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði og*

d. *Áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar í útblæstri*

Allar áætlanir liggja fyrir og eru endurskoðaðar við færslu stöðvarinnar á milli staða.

Mælingar: Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka sem settar eru í gr. 3.5 í starfsleyfi.

Engar mælingar voru gerðar á síðasta ári, sjá að ofan.

Skýrslur: Ársyfirlit fyrir Ammann1 stöðina barst þann 26.apríl sl. og þar kemur fram að engin óhöpp urðu í stöðinni á árinu 2022 og enginn kvartaði vegna starfsemi stöðvarinnar á Hjallaleiru.

Sveitafélagið Fjarðarbyggð hefur samþykkt að stöðin sé í rekstri á þessum stað.

3. Kynnt var ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem tók gildi 1. mars sl. og breytt fyrirkomulag um boðun eftirlits. Kynntur var gagnagrunnur Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg.

4. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits ársins 2023. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður notað við gerð eftirlitsáætlunar næsta árs.

5. Engin mengunaróhöpp hafa orðið vegna starfseminnar á Hjallaleiru og engar kvartanir vegna hennar borist til Umhverfisstofnunar. Vel er gengið um úrgang og spilliefni.

6. Við skoðun á aðstöðu rekstraraðila (Hjallalleira 25) voru skoðaðir olíugeymar og efnabambar. Nota skal lekabyttur undir fljótandi efnavörur. Makbik (fræs) er ekki endurnnið/endurnýtt í stöðinni.

Engin starfsemi var í stöðinni þegar komið var í eftirlit.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í starfsleyfi, gr. 4.2 um árlegar mælingar á efnum í útblæstri.

Mælingar á efnum í útblæstri voru ekki gerðar á árinu 2022. Útblástursmælingar voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021.

ÁBENDINGAR


Bent er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

Bent er á að nota skal lekabyttur undir ílát fyrir fljótandi efnavörur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.10.2023



Gottskálk Friðgeirsson